

Upplýsingabréf - janúar 2018

Þátttakendur Íslands á World Scout Jamboree 2019



Hér fyrir neðan eru upplýsingar sem koma fram á kynningum mótsins sem fara fram þessa mánuðina.

Bandalag íslenska skáta fer með fararhóp á 24. Alheimsmót skáta sem verður haldið í Bandaríkjunum sumarið 2019. Nánar tiltekið í Summit – Bectel Reserve í Vestur Virginíu. Farastjórar eru Jóhanna Björg Másdóttir og Ásgeir R. Guðjónsson ásamt fleiri skátum, fjöldi fararstjóra fer eftir stærð hópsins sem fer á mótið.

Mótið er frá 22. júlí – 2. ágúst 2019, íslenski fararhópurinn áætlað að fljúga út 21. júlí og koma heim 5. ágúst 2019. Stefnt er að því að fara beint á mótssvæðið með flugi til Washington og rútufarð þaðan á mótssvæðið. Eftir mótið er áætlað að fara í hópgistingu í Washington þar sem við ætlum að skoða borgina og hafa gaman.

Þátttakendur eru skátar sem eru fæddir á bilinu 22. júlí 2001 – 21. júlí 2005. Það er því miður ekki hægt að gera undanþágur frá þessum dagsetningum. Gert er ráð fyrir því að sérhver skáti geti bara farið einu sinni sem þátttakandi á alheimsmót. Skátarnir verða í ca. 9 manna flokkum sem mynda sveit með öðrum þremur flokkum. Áætlað er að fjórir sveitarforingjar séu með hverri sveit. Undirbúningur fyrir mótið fer mikið fram á Facebook þar sem sveitirnar verða með lokaðar síður til að kynnast og ræða málin. Gert er ráð fyrir því að sveitirnar hittist að minnsta kosti þrisvar sinnum áður en farið er út.

Mótssvæðið er sérstaklega byggt af Boy Scout of America til að halda stórmót. Áhersla svæðisins er útivera og sjálfbærni og er svæðið útbúið með það að leiðarljósi. Á alheimsmót skáta koma ca 45.000 manns frá ólíkum menningarheimum til þess að kynnast nýrri menningu, afþreyingu og fólki.

Kostnaður vegna mótsins er 460.000 kr fyrir þátttakendur. Verðið er með fyrirvara vegna gengisbreytinga og ferðakostnaðar. Innifalið í verðinu er mótsgjaldið, dagskrá, gisting og einkenni íslenska fararhópsins. Eftir mótið verður svo farið til Washington þar sem gisting og afþreying er innifalið. Fullt fæði allan tímann er innifalið, þ.e. á leiðinni frá flugvelli að mótssvæði, allt mótið, ferðir frá mótssvæði, í Washington eftir mót og á leiðinni að flugvelli fyrir heimferð.

Forskráning er hafinn á <https://skatar.felog.is>. Gert er ráð fyrir því að þátttakendur staðfesti skráningu í febrúar/mars 2018 með því að hefja greiðslur. Staðfestingargjald er 45.000 kr sem greiða þarf fyrir 10. apríl 2018 til að hægt sé að staðfesta pláss. Útfærslur vegna greiðslna fer alfarið í gegnum skrifstofu Skátamiðstöðvarinnar.

Íslenskir skátar þurfa ESTA áritun áður en farið er. ATH. Ef einhverjir íslenskir skátar í hópnum eru LÍKA með ríkisfang frá Írak, Íran, Sýrlandi og Súdan þurfa þeir að sækja um fulla vegabréfsáritun.

Nánari upplýsingar eru uppfærðar jafn óðum á heimasíðu hópsins www.skatamal.is/wsj og á facebooksíðu hópsins: Jamboree 2019 USA - Icelandic contingent. Sjá einnig heimasíðu mótsins: <https://www.2019wsj.org/>

Fararstjórn,
Jóhanna Björg og Ásgeir
jamboree2019@skatar.is

Reykjavík, 22. jan. 2018